

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/441

2016/EES/44/29

frá 23. mars 2016

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun stevíóglýkósíða (E 960) sem sætuefni í sinnep (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 23. janúar 2015 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á stevíóglýkósíðum (E 960) sem sætuefni í sinnep. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Stevíóglýkósíð eru hitaeiningalaus, bragðsæt innihaldsefni sem má nota í stað súkrósa við framleiðslu á sinnepi og lengja þar með geymsluþol þess og auka örverufræðilegan stöðugleika (með því að minnka sykurrinnihald er komið í veg fyrir gerjun þar sem sykur er undirstöðuefni) og jafnframt viðhalda þeim skynmatseiginleikum vörunnar sem krafist er. Ef leyft verður að nota stevíóglýkósíð í sinnep getur það aukið úrval þessarar vöru með tilkomu vöru sem inniheldur annað sætuefni en hefur verið notað hingað til og hefur örlítið aðra bragðeiginleika.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) mat öryggi stevíóglýkósíða, sem eru dregnir úr laufum plöntunnar *Stevia rebaudiana* Bertoni, sem sætuefnis og lét í ljós álit sitt 14. apríl 2010 ⁽³⁾. Matvælaöryggisstofnunin fastsetti ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) stevíóglýkósíða, gefið upp sem stevíóljafngildi, við 4 mg/kg líkamspýngdar á dag.
- 6) Ef þetta sætuefni er leyft í sinnep í magni sem nemur 120 mg/kg (sem stevíóljafngildi) myndi það leiða til aukningar á innteknu magni af E960 innan eftirfarandi marka: 0 til 0,133% af ásættanlegri, daglegri inntöku ef um er að ræða meðalneyslu og 0 til 1,143 af ásættanlegri, daglegri inntöku ef um er að ræða mikla neyslu. Þetta teljast vera óveruleg viðbótaráhrif á neytendur og er því ekki öryggisvandur.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að sú uppfærsla hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á stevíóglýkósíðum (E 960) sem sætuefni í sinnep telst uppfærsla á þeirri skrá, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 8) Því þykir rétt að leyfa notkun á stevíóglýkósíðum (E 960) sem sætuefni sem bætt er í sinnep (matvælaundirflokkur 12.4) við hámarksgildi sem nemur 120 mg/kg.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 78, 24.3.2016, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensim í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(4), 1537.

- 9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í matvælaundirflokki 12.4 „Sinnep“ bætist eftirfarandi færsla við á eftir færslunni fyrir E 959:

	„E 960	Stevíólglykósíð	120	(60)“	
--	--------	-----------------	-----	-------	--

- 2) Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við:

„(60): Gefið upp sem stevíóljafngildi.“